

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar — október 2019

Skráð atvinnuleysi var 3,8 % í október

Skráð atvinnuleysi í október mældist 3,8% og jókst um 0,3 prósentustig frá september.

Að jafnaði voru 7.039 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í október og fjölgaði um 476 frá september. Alls voru 2.804 fleiri á atvinnuleysissskrá í október 2019 en í október árið áður.

Alls voru 3.912 karlar að jafnaði atvinnulausir í október og 3.127 konur og var atvinnuleysi 3,8% meðal karla og jókst um 0,4 prósentustig og 3,9% meðal kvenna og jókst um 0,3 prósentustig frá september.

Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi aukist í nóvember og verði á bilinu 3,9% til 4,1%.

Í október tóku 1.612 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Um 886 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði.

Alls fóru 688 einstaklingar af skrá í októbermánuði, þar af fóru 354 í vinnu eða um 51%.

Alls komu inn 109 ný störf sem auglýst voru í vinnu-miðlun hjá Vinnumálastofnun í október. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest þjónustustörf eða 27 störf.


Í október gaf Vinnumálastofnun út 206 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 99 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 107 leyfi voru framlengd.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 44 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í október 2019 með samtals 294 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 970 í október á vegum 24 starfsmannaleiga.

Alls voru 2.920 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok október eða um 38% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 8,3% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Skráð atvinnuleysi frá október 2017 til október 2019




Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í október og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í október mældist eins og fyrr segir 3,8% og voru að jafnaði 7.039 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 476 á atvinnuleysissskrá frá september. Alls voru í október 2.804 fleiri á atvinnuleysissskrá en í október 2018.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í október eða 7,3% og jókst um 1 prósentustig milli mánaða. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysið 4,0% og jókst um 0,2 prósentustig frá september. Á Norðurlandi eystra jókst atvinnuleysi um 0,4 prósentustig og var 3,2%. Á landsbyggðinni sem heild jókst atvinnuleysið um 0,4 prósentustig og var 3,4%. Hlutfallslega jókst atvinnuleysið mest milli mánaða á Norðurlandi vestra en var einnig minnst þar eða 1,2% í október. Minnsta aukning atvinnuleysis var á Vesturlandi og Austurlandi.

Alls voru 3.912 karlar að jafnaði atvinnulausir í október og 3.127 konur og var atvinnuleysi 3,8% meðal karla og

jókst um 0,4 prósentustig og 3,9% meðal kvenna og jókst um 0,3 prósentustig frá september.

Alls voru 920 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok október í ár sem samsvarar um 3,5% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmönnum hefur fjölgað um 374 frá október 2018 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 546.

Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 1.466 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok október en voru 943 í októberlok 2018. Hefur þeim því fjölgað um 523 milli ára. Hlutfall langtímaatvinnulausra var 19% af öllum á atvinnuleysissskrá í október 2019 en um 20% í október árið 2018.

Atvinnugreinar og starfsstéttir

Atvinnulausum fjölgaði í öllum atvinnugreinum í október 2019 frá október 2018. Mesta fjölgunin var á fjölda atvinnulausra í flutningastarfsemi í mannvirkjagerð og í ýmiss konar sérhæfðri þjónustu og sérfræðistarfsemi. Minnsta fjölgun atvinnulausra var í landbúnaði, fræðslustarfsemi, fiskvinnslu svo og í heilsbrigðisþjónustu.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fjölgaði atvinnulausum mest við ýmis þjónustustörf, og vélafólks en minnst í sérfræðistörfum og við störf í landbúnaði og sjávarútvegi.

GREIÐSLUSTOFA GREIDDI

1.909 milljónir í október

Par af voru:

**1.745 milljónir vegna
hefðbundinna
atvinnuleysisstrygginga.**


**54 milljónir vegna
barnadagpeninga.**

**110 milljónir vegna tekjutengdra
atvinnuleysisstrygginga.**


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 2.920 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok október eða um 38% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 8,3% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Þetta er talsverð aukning frá því í október 2018 þegar hlutfall atvinnulausra erlendra ríkisborgara var um 33% allra atvinnulausra eða sem svarar um 5,1% atvinnuleysi.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok október 2019



Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá komu frá Póllandi eða 1.613, sem er um 55% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar og Lettar en færri af öðrum þjóðernum.

Horfur til næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi í nóvember aukist og verði á bilinu 3,9% til 4,1%.

Þjónusta við atvinnuleitendur


Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 688 einstaklingar af skrá í októbermánuði, þar af fóru 354 í vinnu eða um 51%. Þá voru 182 (26%) einstaklingar afskráðir því þeir staðfestu ekki atvinnuleit í lok október. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, t.d. voru 30 einstaklingar afskráðir því þeir fóru í fæðingarorlof, 27 einstaklingar voru afskráðir þar sem þeir voru óvinnufærir og aðrir 27 hættu við eða drógu umsókn til baka.

Ástæða þess að fólk fór af atvinnuleysissskrá í október 2019



- Fórn í vinnu
- Staðfesti ekki atvinnuleit
- Fórn í fæðingarorlof
- Hætti við/dró umsókn til baka
- Óvinnufær
- Flytur úr landi (vinna/búseta)
- Annað

Hlutfallslega afskráðust fleiri karlar en konur í október, 52% voru karlar en 48% konur. Um 71% afskráðra eða 486 einstaklingar höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf t ár og 19% (129) í 6 til 12 mánuði. Um 11% afskráðra (73) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár.

Hlutfallslega voru flestir afskráðra í aldurshópnum 18-29 ára eða 37% og um 31% voru 30-39 ára. Í aldurshópnum 40-49 ára voru 15% afskráðra en 17% voru 50 ára eða eldri.

Auglýst störf í vinnumiðlun í október

Alls komu inn 109 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í október. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest þjónustustörf eða 27 störf. Þá voru auglýst 26 stjórnunar- sérfræði- eða skrifstofustörf og 16 störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu. Flest auglýstra starfa teljast almenn störf eða um 64%. Annað er átaksverkefni, reynsluráðning eða störf fyrir fatlaða. Flest starfanna, eða 55%, voru á höfuðborgarsvæðinu, 13% á Vesturlandi og 12% á Suðurlandi. Þá voru 20% annars staðar á landinu.


Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	26	24%
Þjónustustörf	27	25%
Afgreiðslustörf	10	9%
Iðnaðarmenn	15	14%
Verkafólk í þjónustu	16	15%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	15	14%
Samtals	109	100%

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Þá stendur atvinnuleitendum sem verið hafa atvinnulausir um lengri tíma til boða að taka þátt í starfsþjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara þá af skrá tímabundið á meðan á úrræðinu stendur.

Í október tóku 1.612 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Um 886 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrágerð, markmiðasetningu og sjálfsstyrkingu. Þá fóru 377 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga en einnig fóru einhverjir á önnur starfstengd námskeið. Þá voru 144 einstaklingar skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 50 einstaklingar voru í atvinnutengdu úrræði eða endurhæfingarúrræði.

Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í október 2019




- Grunnúrræði
- Námskeið
- Námskeið í framh.sk./háskóla
- Endurhæf. Of. Atvinnutengt
- Próun viðsk, hugm.
- Starfsþjálfun
- Sértæk úrræði

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í október vann 31 einstaklingur að slíkri hugmynd. Þá voru 116 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir í almennri starfsþjálfun eða í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja og stofnana.

Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í október voru gefin út 104 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 66 einstaklingar, sex fóru til Litháen og fimm til Danmerkur. Þá voru gefin út 27 vottorð til viðbótar til 13 annarra ríkja. Í október komu sjö einstaklingar til landsins í atvinnuleit með slík vottorð frá öðrum EES-ríkjum.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, október 2019



Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í október voru gefin út 133 U1 vottorð. Flest vottorðin voru gefin út til Tékklands (33), 30 vottorð voru gefin út til Póllands og 20 til Spánnar. Þau sem eftir standa, eða 50 vottorð, voru gefin út til 13 annarra ríkja.


Útlendingar

Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í október gaf Vinnumálastofnun út 206 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 99 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 107 leyfi voru framlengd.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í október 2019



Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í október, hvort sem var nýtt eða framlengt fengu sérfræðileyfi, eða 48 leyfi. Þá voru gefin út 46 námsmannaleyfi og 35 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í október voru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræði- eða sérmenntunar eða 35%. Um 25% vegna þjónustustarfa og 19% vegna verkafólks. Um 21% starfa voru í öðrum starfsgreinum.

ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA GREIDDI

178 launamönnum

vangoldin laun vegna gjaldþrota
25 fyrirtækja í október

Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnuálastofnunar voru 44 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í október 2019 með samtals 294 starfsmenn. Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 970 í október á vegum 24 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 54%, 27% voru frá Litháen og 9% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 10% starfsmanna komu frá 10 öðrum ríkjum.

Sjá nánar tölulegar upplýsingar í [excelskjölum](#) og á [mælaborði](#) Vinnuálastofnunar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnuálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra